



Fréttatilkynning
06 June 2024 09:18:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Niðurstöður í endurkaupum á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki eða bankinn) ákvað að taka tilboðum fyrir 20.860.907 hluti á genginu 95,80 krónur fyrir hvern hlut í endurkaupum sem tilkynnt var um miðvikudaginn 5. júní 2024. Uppgjörsdagur samþykktra tilboða er mánudagurinn 10. júní 2024.

Endurkaupin eru í samræmi við viðeigandi lög, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.

Íslandsbanki hf. á 75.778.195 hluti, eða sem nemur 3,79% af útgefnu hlutafé að loknum kaupum á þeim bréfum sem um ræðir hér að ofan. Í framangreindri samtölu eru einnig kaup á 555.030 hlutum sem voru viðskipti dagana 3. júní 2024 til 5. júní 2024 sem keypt voru samkvæmt endurkaupaáætlun sem tilkynnt var um 22. mars 2024.

MAR legend - Share buyback

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupin sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstöður í endurkaupum á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi](#)